

Nd.

54. Frumvarp

til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi við næstu ábúendaskifti þjóðjörðina Sauðá í Skagafjarðarsýslu, að undanskilinni verslunarlóðinni, eins og hún er ákveðin með lögum nr. 51, 28. nóv. 1919, fyrir það verð, sem dómkvaddir, óvilhallir menn meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.